

ICELANDAIR: 4,7 MILLJÓNIR FARÞEGA ÁRIÐ 2024 – METSÆTANÝTING Í DESEMBER

Icelandair flutti 4,7 milljónir farþega árið 2024, 9% fleiri en árið á undan og sló þar með nýtt farþegamet. Farþegar í desember voru 312 þúsund, 18% fleiri en á sama tíma í fyrra. Þar af voru 28% á leið til Íslands, 19% frá Íslandi, 47% ferðuðust um Ísland og 6% innan Íslands.

Stundvísi var mjög góð yfir árið 2024 eða 82,7%, þrátt fyrir að veðurfar á Íslandi hafi haft umtalsverð áhrif á stundvísi í desembermánuði. Sætanýting í desember var 82,6%, sem er met og aukning um 10,2 prósentustig frá fyrra ári. Eftirspurn er sterk á öllum mörkuðum en munurinn á milli ára skýrist einnig af því að eldgos hafði neikvæð áhrif á sætanýtingu í fyrra.

Seldir blokk tímar í leiguflugi voru 65% fleiri en í desember í fyrra. Leiguflugsstarfsemi félagsins hefur gengið mjög vel á árinu en hún er mikilvæg til þess að auka nýtingu innviða yfir vetrarmánuðina. Fraktflutningar drógust saman um 7% miðað við sama mánuð í fyrra.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair:

„Við höldum áfram að sjá jákvæðar tölur í farþegaleiðakerfinu og er mjög ánægjulegt að sjá nýtt met í sætanýtingu í desember. Þrátt fyrir að veðurfar á Íslandi hafi haft umtalsverð áhrif á stundvísi okkar í mánuðinum var stundvísi yfir árið mjög góð og jókst hún um sex prósentustig samanborið við árið í fyrra.“

Desember markaði nýtt upphaf fyrir Icelandair en í mánuðinum flugum við fyrsta áætlunarflugið á glænýrri Airbus flugvél okkar og fluttum inn í nýja Icelandair húsið í Hafnarfirði.

Horfur fyrir árið 2025 eru góðar og við búumst við 8% vexti á milli ára, þar sem við leggjum sérstaka áherslu á vöxt utan háannatíma ársins sem gerir okkur kleift að nýta innviði félagsins betur. Við finnum fyrir miklum ferðaáhuga sem sást meðal annars í sölu á gjafabréfum Icelandair á síðasta ári. Þessi vara hefur notið mikilla vinsælda um áratugaskeið og árið 2024 jókst salan um 30% samanborið við fyrra ár.“

Nánari upplýsingar

Fjárfestar: Kristófer Hlynsson, fjárfestatengill. Netfang: kristoferh@icelandair.is

Fjölmiðlar: Ásdís Pétursdóttir, forstöðumaður samskipta og sjálfbærni. Netfang: asdis@icelandair.is

Viðhengi
12 Traffic Data